



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu
Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Eftirfarandi eru nokkur atriði sem SI vilja draga sérstaklega fram:

- Nemendur sem lokið hafa starfsnámi hafa ekki allir átt greiðan aðgang að háskólanámi, en í tíð núverandi menntamálaráðherra hefur verið lögð áhersla á að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið ólíkum lokaprófum úr framhaldsskólum. Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér breytingar á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að auk stúdentsprófs kemur nú nýtt skilyrði um að nemendur skuli hafa lokið lokaprófi úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Starfsnámsbrautum (um 70 staðfestar brautir) og stúdentsbrautum (um 150 staðfestar brautir), verður nú gert jafnhátt undir höfði samkvæmt frumvarpinu og er það mikið fagnaðarefni, enda löngu tímabært.
- Háskólar eru hvattir til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum og upplýsa framhaldsskóla um þau, samkvæmt frumvarpinu og er það vel. Nemendur geta þannig skipulagt nám sitt í framhaldsskóla til samræmis við kröfur viðtökuháskóla.
- Mikill skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólki á vinnumarkaðnum hér á landi en, eins og kemur fram í drögum að Menntastefnu til 2030, er starfs- iðn, og tækninám forsenda sjálfbærni atvinnugreina á Íslandi. Frumvarp það sem hér er til umsagnar er samið á grundvelli tillagna í aðgerðaráætlun ráðherra til að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun sem unnið er að í samstarfi við SI og Samband íslenskra sveitarfélaga. SI lýsa sig reiðubúin í áframhaldandi samstarf í þessum málaflokki, enda ærin verkefni framundan samkvæmt aðgerðaráætluninni.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri á menntasviði SI